



Stjórnarfundur Landssambandsstjórnar Delta Kappa Gamma á Íslandi

25. október 2010
GoToMeeting fundur kl. 20-21:10

Mættar: Ingibjörg Jónasdóttir, Ingibjörg Auðunsdóttir og Steinunn Guðmundsdóttir (Anna Þóra reyndi að tengjast en tókst ekki.)

Efni:

Forum Ingibjörg J. er að fara út á Forumfund í næstu viku. Eftirfarandi kom frá formanni Forum og bað hann Ingibjörgu J. og stjórnarkonur um að koma með tillögur um efni sem Ingibjörg J. kæmi á framfæri á fundinum.

*- I would also like you to ask you to bring suitable suggestions for a common educational theme or project that we could all join in during this biennium 2010-2012 in Europe. This is really important!
- If you have any other suggestions for the Region of DKG Europe, please bring them forward before the meeting so that I can put them on the agenda.*

Fundarmenn ræddu þetta fram og aftur. Sigrún Klara hafði komið með tillögu um umræðuefni: lagasetningar, lög um menntamál og menntastefnur, framtíðarstefnur. Aðrar tillögur sem fram komu á fundinum voru eftirfarandi: menntastaða kynjanna – fleiri strákar hætta námi í framhaldsskólum og háskólum en stúlkur. Slakt gengi drengja í lestri. Staða fatlaðra barna, nám án aðgreiningar- hvað þýðir það? Ofbeldi gagnvart konum. Einelti stúlkna, samskipti, tengsl og vinátta barna.

Evrópuráðstefnan

Ingibjörg J. sagði frá bréf frá Kate York þar sem hún er að leggja drög að Evrópupinginu í Baden – Baden sem fram fer 3. – 6. ágúst 2011.

Landssambandsfundurinn.

Dagsetningar eru komnar, Þetadeildin mun sjá um umgjörðina á landssambandsþinginu, en menntanefndina mun sjá um innihald. Efni þingsins er „fagvitund í fyrirrúmi“.

Ný deild - Lambda

Stofnfundur nýrrar deildar verður 28. okt 2010. Ingibjörg Einarsdóttir ásamt öðrum konum í útbreiðslunefndinni hafa skipulagt stofnfundinn vel. Sigrún Jóhannesdóttir verður guðmóðir deildarinnar. En stofnfélagar verða 27 konur.

35 ára afmæli DKG

Alfadeildin ætlar að halda málþing laugardaginn 13. nóvember kl. 11-14 í Þjóðmenningarhúsinu. Þetta verður mjög hátíðlegur fundur. Vigdís er boðin og munu stofnfélagar verða heiðraðir. Marta ætlar að auglýsa fundinn vel. Fundurinn verður opinn öllum DKG konum.

Annað

Guðbjörg Sveinsdóttir gjaldkeri landssambandsins hélt veffund með gjaldkerum deilda og gekk hann mjög vel. Ingibjörg J. nefndi að gaman væri að halda veffund með vefstjórum deilda í lok nóvember.

Fréttabréfið er í vinnslu og flæðir inn efni til ritstjórnar.

Kippa þarf í aðrar nefndir, uppstillinganefnd, námstyrkjanefnd og laganefnd . Tíminn líður fljótt.

Tillaga um næstu fundir:

GoToMeeting fundur, 10.nóvember kl. 21-22. Rætt m.a. um Forum fund

GoToMeeting fundur, 9. desember kl. 20-21. Farið yfir framkvæmdaáætlunina.

Reykjavík 14. janúar 2011 kl. 15-18 í Stapaseli. Málefni síðasta tímabils stjórnarinnar.

GoToMeeting fundur, 10. febrúar kl. 20-21

GoToMeeting fundur, 10. mars kl. 20-21

GoToMeeting fundur, 7. apríl kl. 20-21

GoToMeeting fundur, 28. apríl kl. 20-21

Reykjanes, 6. maí kl. 13-14 og fundur með nýrri stjórn 8. maí kl. 14-15

Skilum af okkur til nýrrar stjórnar í lok júní.